



4.5.4. gr. byggingarreglugerðar, nr. 112/2012, síðari breytingar reglugerðar nr. 1173/2012, 350/2013, 280/2014, 360/2016, 666/2016 og 722/2017
Lög um mannvirki, nr. 160/2010

Efnisyfirlit hönnunargagna

Í grein 4.5.4 í byggingarreglugerð segir:

„Hönnuðir skulu vinna efnisyfirlit yfir hönnunargögn sín vegna viðkomandi mannvirkis. Mannvirkjastofnun skal gefa út leiðbeiningar um framkvæmd þessa ákvæðis.“

Leiðbeiningar

Hönnunargögn bygginga og annarra mannvirkja greinast í uppdrætti og fylgiskjöl.

- Uppdrættir greinast í aðaluppdrætti, séruppdrætti, hlutauppdrætti og deiliuppdrætti.
- Til fylgiskjala heyra meðal annars byggingalýsingar, greinargerðir, skráningartafla, verklýsingar, ýmis skrifleg fyrirmæli, forsendur og útreikningar.

Í efnisyfirliti hönnunargagna þarf að skrá alla uppdrætti og öll fylgiskjöl.

Í efnisyfirlitinu þarf að koma fram hver ber ábyrgð á viðkomandi uppdrætti, teikninganúmer, útgáfudagur, efni og kvarði.

Í efnisyfirliti yfir fylgiskjöl þarf að koma fram hver er ber ábyrgð/útgefandi á viðkomandi fylgiskjali, efni þess og útgáfudagsetning.

Dæmi um uppsetningu efnisyfirlits:

Efnisyfirlit:

Uppdrættir

Aðaluppdrættir:

heiti teikningar	hönnuður	teikning nr.	útgáfu dags.	efni	kvarði
------------------	----------	--------------	--------------	------	--------

Séruppdrættir:

heiti teikningar	hönnuður	teikning nr.	útgáfu dags.	efni	kvarði
------------------	----------	--------------	--------------	------	--------

Hlutauppdrættir:

heiti teikningar	hönnuður	teikning nr.	útgáfu dags.	efni	kvarði
------------------	----------	--------------	--------------	------	--------

Deiliuppdrættir:

heiti teikningar	hönnuður	teikning nr.	útgáfu dags.	efni	kvarði
------------------	----------	--------------	--------------	------	--------

Fylgiskjöl:

heiti fylgiskjals	útgefandi	útgáfu dags.	efni
-------------------	-----------	--------------	------